

AKURSKÓLI REYKJANESBÆ

Í dag 9.nóvember 2005 verður 1.áfangi Akurskóla í Reykjanesbæ vígður. Fyrsta skóflustunga að byggingunni var tekinn 20.mars 2004.

Við upphaf undirbúnings vinnunnar kom fram vilji hjá Reykjanesbæ á góðri reynslu af hönnun Heiðaskóla sem tekinn var í notkun haustið 2000. Með því nýttist þarfagreining og undirbúningsvinna sem fram fór vegna þeirrar byggingar áfram við byggingu Innri Njarðvíkurskóla.

Undirbúningur að byggingu skólans hófst að hálfu Reykjanesbæjar haustið 2003 og var ákveðið að byggja á góðri reynslu af hönnun Heiðaskóla sem tekinn var í notkun haustið 2000. Með því nýttist þarfagreining og undirbúningsvinna sem fram fór vegna þeirrar byggingar áfram við byggingu Akurskóla. Um veturinn 2003 til 2004 komu síðan fram hugmyndir frá skólaskrifstofu Reykjanesbæjar um að skólinn yrði með opnu fyrirkomulagi þ.e. “Opinn skóli” þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám. Þær breytingar leiddu m.a. af sér að veggir milli skólastofa í kennsluhúsum voru opnaðar og að settir voru í skólann tveir stórir stigar sem nýtast einnig til kennslu og hvíldar fyrir nemendur.

Samhliða undirbúningsvinnunni hófust samningaviðræður við Eignarhaldsfélagið Fasteign hf um byggingu skólans sem leiddu til þess að félagið tók að sér byggingu hússins og leigir Reykjanesbær húsið af félaginu. Reykjanesbær er ásamt 5 öðrum sveitarfélögum eigandi að Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf sem Ragnar Atli Guðmundsson er framkvæmdastjóri fyrir.

Hönnun hússins hófst síðan af fullum krafti í nóvember 2004 eftir að sömu hönnuðir og hönnuðu Heiðaskóla höfðu verið ráðnir að verkinu. Arkitekt hússins er Bjarni Marteinsson á Arkitektastofu Suðurnesja. Um hönnun burðarvirkja og lagna sá Sigurður Ásgrímsson á Tækniþjónustu SÁ og

um hönnun raforkuvirkja sá Guðmundur Guðbjörnsson hjá Rafmiðstöðinni. Verkefnistjórn undirbúnings og framkvæmda við byggingu skólans var í höndum Samúels Guðmundssonar byggingatæknifræðings á Teiknistofu Halldórs Guðmundssonar THG. Um eftirlit með framkvæmdum sá Verkfræðistofa Suðurnesja.

Deiliskipulag vegna byggingarinnar var samþykkt í byrjun apríl 2004. Byggingarnefndar teikningar voru síðan samþykktar í apríl 2004. Akurskóli verður fullbyggður um 7.500 m² en fyrsti áfangi hans er alls 3.487 m² á tveimur hæðum auk kjallara.

Áætlaður byggingarkostnaður 1.áfanga skólans er um 580 milljónir króna án verðbóta á byggingartíma og bendir nú allt til að sú kostnaðaráætlun standist. Í upphafi hönnunar skólans var sett það markmið að hálfu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf að kostnaður við bygginguna yrði lægri en sambærilegur hluti Heiðaskóla. Við hönnun hússins tókst að lækka kostnað við byggingu skólans um 11% eða um 70 m.kr. frá sambærilegum hluta Heiðaskóla þó hvergi væri slakað á gæða kröfum við byggingu skólans.

Í lok febrúar 2002 var jarðvinna vegna skólans boðinn út og reyndist tilboð Nesprýði lægst og var samið við þá um jarðvinnu vegna skólans. Í mars 2005 var samið við Nesprýði um framkvæmdir á lóð skólans.

Bygging skólans var síðan boðinn út í apríl 2004 og var tilboði lægstbjóðanda Hjalta Guðmundssonar í verkið tekið. Vinna við byggingu hússins hófst síðan í maí 2004 og gengu framkvæmdir vel þó ekki hefði tekist að ljúka verkinu fyrir 1.júlí 2005 eins og til stóð vegna ýmissa tafa sem verktaki varð fyrir á byggingartímanum. Byggingameistari hússins er Hjalti Guðmundsson en um verkstjórn verksins sáu auk Hjalta, synir hans þeir Andrés og Guðmundur Hjaltasynir

Þegar litið er til baka frá því vinna við hönnun og byggingu Akurskóla sem hófst fyrir rúmum 20 mánuðum síðan má segja að verkið hafi gengið mjög vel. Hönnuðir, verktakar og aðrir sem að verkinu hafa komið hafa skilað af sér góðu verki sem allir hafa lagt sig fram um að gera sem best úr garði fyrir nemendur, skólastjórnendur og kennara skólans.